

Námsáætlun fyrir stærðfræði - 7. bekkur

Skólaárið 2025 – 2026



Kennari: Björn Vilhelmsson og Sindri Þór Guðmundsson.

Tíma fjöldi: 5 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Að geta spurt og svarað með stærðfræði	- Tekið þátt í umræðum - Leyst stærðfræðiprautir. - Leyst verkefni þar sem aflu þarf upplýsinga - Unnið með einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.	Ýmsar kennsluaðferðir til að nemendur nái markmiðum sínum t.d. bein kennsla, sýni-kennsla, hópavinna, leikir, spil og upplýsingatækni.	- Könnun eftir hvern kafla - Einstaklings- og hópaverkefni - Símat
Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar	- Tjáð sig munnlega um hugtök, reglur og reikniaðferðir. - Tjáð sig skriflega um hugtök, reglur og reikniaðferðir. - Tjáð sig myndrænt um hugtök, reglur og reikniaðferðir. - Nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt. - Farið með margföldunartöflurnar frá 0x - 10x utanbókar. - Farið með margföldunartöflurnar 0x - 12x utanbókar.	Ýmsar kennsluaðferðir til að nemendur nái markmiðum sínum t.d. bein kennsla, sýni-kennsla, hópavinna, leikir, spil og upplýsingatækni.	- Könnun eftir hvern kafla - Einstaklings- og hópaverkefni - Símat
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar	Haldið utan um eigið nám og námsgögn, sýnt útreikninga og leiðrétt.	Ýmsar kennsluaðferðir til að nemendur nái markmiðum sínum t.d.	- Könnun eftir hvern kafla - Einstaklings- og hópaverkefni

	• Lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir. • Undirbúið og flutt kynningu á eigin vinnu. • Unnið í samvinnu við aðra. • Gert sér grein fyrir verðgildi peninga og þekkt helstu hugtök fjármála.	bein kennsla, sýni-kennslu, hópavinnu, leikir, spil og upplýsingatækni.	
Tölur og reikningur	• Útskýrt sætiskerfið. • Fundið og útskýrt þáttun, frumtölur og samsettar tölur. • Sett upp og reiknað dæmi með reikniaðgerðunum fjórum. • Forgangsraðað reikniaðgerðum rétt og reiknað dæmi með svigum • Lagt saman og dregið frá með negatífum tölum. • Breytt milli almennra brota, tugabrota og prósentu. • Fundið hluta í prósentureikningi. • Lagt saman með almennu broti. • Dregið frá með almennu broti. • Margfaldað með almennu broti. • Deilt með almennu broti. • Fundið heild í prósentureikningi. • Raðað tölum eftir stærð og staðsett þær á talnalínu. • Lengt brot, stytt brot og fundið samnefnara. • Fundið prósentu í prósentureikningi.	• Ýmsar kennsluaðferðir til að nemendur nái markmiðum sínum t.d. bein kennsla, sýni-kennslu, hópavinnu, leikir, spil og upplýsingatækni.	• Könnun eftir hvern kafla Einstaklings- og hópaverkefni
Algebra	• Leyst einfaldar jöfnur með einni óþekktri stærð. • Gengið úr skugga um að lausn jöfnu sé rétt. • Einfaldað stæður.	• Ýmsar kennsluaðferðir til að nemendur nái markmiðum sínum t.d.	• Könnun eftir hvern kafla • Einstaklings- og hópaverkefni

		bein kennsla, sýni-kennslu, hópavinnu, leikir, spil og upplýsingatækni	
Rúmmál og mælingar	• Áætlað, mælt og reiknað ummál. • Áætlað, mælt og reiknað flatarmál. • Áætlað, mælt og reiknað yfirborðsflatarmál. • Áætlað, mælt og reiknað rúmmál. • Þekkt, mælt, skilgreint og teiknað rúmfræðileg form og hugtök. • Notað mælikvarða til að reikna út fjarlægðir. • Sýnt fram á hvort myndir séu eins (allar jafnar) eða einslaga. • Notað gráðuboga til að mæla horn. • Notað gráðuboga til að teikna horn. • Reiknað horn án gráðuboga. • Notað mælikvarða til að stækka og minnka myndir. • Notað hnit til að lýsa staðsetningu og hreyfingu í hnitakerfi. • Valið viðeigandi mælieiningu og skipt út einni mælieiningu í aðra. • Notað tímasetningar og tímabil í einföldum útreikningum. • Getur hliðrað, speglað og snúið myndum í hnitakerfi. • Reiknað út tímamismun. • Reiknað dæmi þar sem hraði kemur við sögu.	• Ýmsar kennsluaðferðir til að nemendur nái markmiðum sínum t.d. bein kennsla, sýni-kennslu, hópavinnu, leikir, spil og upplýsingatækni. • Unnið hlutbundið með reglustikur, málbönd, hringfara og gráðuboga. • Mæla fleti, reikna flatarmál, ummál, og rúmmál.	• Könnun eftir hvern kafla • Einstaklings- og hópaverkefni • Verklegar æfingar
Tölfræði og líkindi	• Fundið fjölda möguleika á að raða hlutum á mismunandi vegu.	• Ýmsar kennsluaðferðir til að nemendur nái	• Könnun eftir hvern kafla

	- Framkvæmt kannanir sem byggjast á athugunum, spurningalistum eða tilraunum, raðað og flokkað upplýsingar og kynnt þær með myndritum. - Fundið tíðasta gildi, miðgildi og meðaltal.	markmiðum sínum t.d. bein kennsla, sýni-kennslu, hópavinnu, leikir og spil og upplýsingatækni. Gera kannanir sem tengjast málefnum nemenda. Draga saman niðurstöður og setja í myndrit.	Einstaklings- og hópaverkefni
Lykilhæfni	- Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt. - Skipulagt eigið nám. - Lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt.		
Námsgögn: Stika 3a, nemendabók og æfingahefti. Ýmis verkefni frá kennara, verklegar æfingar, útikennsla, öpp og vefsíður, spil og mælitæki.			
Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi ásamt bókstafseinkunn í lokin.			